

Númer: 26/2018

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

Reykjavík, 24. maí 2018

Tilvísun: 2018050064

Efni: Tilmæli EBA varðandi útvistun til þjónustuveitenda vegna skýjalausna.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út nokkurn fjölda viðmiðunarreglna (*e. guidelines*), auk tilmæla (*e. recommendations*) sem varða starfsemi fjármálafyrirtækja. Tilgangur viðmiðunarreglna og tilmæla EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar fela almennt í sér nánari útfærslu á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi með setningu laga nr. 57/2015 og laga nr. 96/2016, um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, svo og setningu reglugerðar nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA), sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og tilmælum.

Tilmæli EBA varðandi útvistun til þjónustuveitenda vegna skýjalausna (*e. Recommendations on outsourcing to cloud service providers*), auk annarra viðmiðunarreglna eða tilmæla evrópsku eftirlitsstofnananna, munu í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verða tekin upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglna eða tilmæla ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur og tilmæli EBA við eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferlis stofnunarinnar (SREP). Auk þess mun Fjármálaeftirlitið reglulega annast kynningar á efni viðmiðunarreglna og tilmæla evrópsku eftirlitsstofnananna.


Tilmæli EBA varðandi útvistun til þjónustuveitenda vegna skýjalausna byggja á ákvæðum í tilskipun 2013/36/ESB (CRD IV tilskipunin) sem varða innri stjórnarhætti, áhættustýringu og rekstraráhættu fjármálafyrirtækja og hafa verið lögfest hér á landi. Í þeim efnum er einkum vísað til 17., 54. og 78. gr. g. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Tilmælin útfæra jafnframt efni úr viðmiðunarreglum EBA um útvistun, sem fjármálafyrirtæki þurfa að hafa hliðsjón af. Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér tilmæli EBA á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið leggur tilmælin og viðmið þeirra til grundvallar við mat á fylgni við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Komist Fjármálaeftirlitið að

Þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið mun kynna tilmæli EBA varðandi útvistun til þjónustuveitenda vegna skýjalausna. Slík kynning fer fram nk. haust og verður nánar auglýst síðar. Þar til kynningin á sér stað verða tilmælin gerð aðgengileg á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins og með útsendingu þessa dreifibréfs:

- Tilmæli EBA varðandi útvistun til þjónustuveitenda vegna skýjalausna, sjá: <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/internal-governance/recommendations-on-outsourcing-to-cloud-service-providers>.
- Viðmiðunarreglur EBA um útvistun: <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/internal-governance/guidelines-on-outsourcing>.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITID



Finnur Sveinbjörnsson



Ragnheiður Morgan Sigurðardóttir